

## Áhættuþættir spila

Vísindalegar rannsóknir á spilafíkn og spilavanda eru skammt á veg komnar, miðað við önnur rannsóknarsvið félags- og sálfræði. Það þarf því ekki að koma á óvart að algengar skoðanir á spilum og spilavanda einkennast af ýmiss konar vanþekkingu og fordómum, auk alhæfinga sem eiga mismikla stöð í raunveruleikanum.

Í því skyni að afla frekari upplýsinga um nýjustu niðurstöður rannsókna á sviði spilavanda leitaði HHÍ til alþjóðlegs ráðgjafafyrirtækis á sviði ábyrgrar spilunar, Assissa ([www.assissa.nl](http://www.assissa.nl)), til að taka saman niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á spilavanda og áhættuþætti tengda spilum, með sérstakri áherslu á spilavélar. Assissa sérhæfir sig rannsóknum á og ráðgjöf tengdri ýmiss konar fíkn, einkum spilafíkn og rannsóknum á spilahegðun og spilavanda. Fyrirtækið heldur ráðstefnur og veitir ráðgjöf um þessi málefni um víðan heim. Meðal ráðgjafa Assissa má nefna Dr. Jonathan Parke hjá The Gambling Lab, Bretlandi, prófessor Jeffrey Derenevsky, McGill University, Kanada og prófessor Mark Griffiths, Nottingham Trent University en Griffiths er talinn helsti fræðimaður í heiminum í dag á sviði spilavanda og ábyrgrar spilunar.

Eftirtaldir eru nokkrir helstu áhættuþættir skjávéla og það sem rannsóknir segja um þá:

1. **Hefur hraði leiks áhrif á algengi spilavanda og spilafíknar?** Rannsóknir sýna að leikir sem bjóða upp á hraða endurgjöf, endurspilun og tíða vinninga eru oftast tengdir við spilavanda.

Algengi spilavanda í raun byggir þó á mörgum öðrum þáttum og erfitt er að mæla hlutdeild hraða leikja sérstaklega í vandanum.

2. **Hefur lágmarksveð (e. stake/bet) áhrif á algengi spilavanda eða spilafíknar?** Svo virðist sem stærð veðsins hafi áhrif á spilahegðun en lítil áhrif á spilavanda eða spilafíkn. Sumar rannsóknir benda til að lækkun veða gæti hjálpað spilurum í vanda, en litlar heimildir eru fyrir því að hækkun veða auki vanda þeirra sem þegar hafa hann. Hærri veð bjóða hins vegar heim hættu á að tapa hærri fjárhæðum á skemmri tíma.

3. **Er hámarkstap eða heildartap í leik áhrifaþáttur varðandi spilavanda eða spilafíkn?** Þar sem mikill munur er á tekjum og fé til umráða milli spilara er samband milli heildartaps og spilafíknar ófullkomið. Aðrir þættir eru líklegir til að hafa meiri áhrif, svo sem tíðni og ákefð spilunar, lengd tímalota við spilun, þráhyggja gagnvart spilun og spilun til að ná til baka töpuðu fé.

4. **Hafa hámarksvinningar (pottar) áhrif á spilavanda og spilafíkn?** Ekki virðast vera neinar öruggar heimildir fyrir því að stækkun potta í skjávélum hafi nokkur áhrif á spilavanda eða spilafíkn. Ábyrg aðferð til að stækka potta í því augnamiði að auka spilun er að upplýsa skýrt um vinningsmöguleika svo að spilari geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku.

5. **Hefur fjöldi skjávéla á tilteknu svæði áhrif á spilavanda eða spilafíkn?** Fátt bendir til að fjöldi véla hafi áhrif á algengi spilavanda/-fíknar, og jafnvel er talið að fáar vélar geti leitt til „hamstur“-áhrifa (e. hoarding effect), þ.e. að setið sé um vélar og lengur sé setið við og spilað. Þær takmörkuðu rannsóknir sem til eru um þetta efni benda til að skynsamlegra sé, út frá ábyrgri spilun, að vélar séu staðsettar á sérstökum spilastöðum.

6. **Hefur spilun án seðla/peninga áhrif á spilavanda/spilafíkn (þ.e. með kortum, spilapeningum o.fl)?** Það er mjög erfitt að fullyrða um hvort seðlalaus spilun hafi áhrif á spilavanda í ljósi margvíslegra fræðilegra vandkvæða á rannsóknum á þessu sviði. Seðlalaus spilun eykur að minnsta kosti ekki „gagnsæi“ spilunar, það er að segja spilari hefur minni tilfinningu fyrir hversu miklu hefur verið eytt í hverri lotu.

7. **Hafa spilahnappar í vélum sem auka skemmtanagildi leikjanna (t.d. til að „stöðva“ hjól) áhrif á spilavanda og spilafíkn?** Slík gagnvirkni í spilamöguleikum kann að auka áhættu. Hins vegar hafa rannsóknir hingað til ekki staðfest slíkt. Mælt er með að reglur um

skjávélar leggi áherslu á greiðsluform og fræðslu til spilara fremur en eiginleika og hönnun sem gera leikina skemmtilegri.

**8. Skiptir máli að sýna vinningslíkur varðandi spilavanda og spilafíkn?** Fáar rannsóknir benda til að upplýsingar um vinningslíkur eða vinningshlutfall hafi áhrif á algengi spilavanda eða bein áhrif á spilahegðunina sjálfa. Að þessu gefnu þjónar slík upplýsingagjöf helst forvarnarhlutverki gagnvart tiltekinni persónugerð spilara.

**9. Hefur staðsetning hraðbanka í spilasal áhrif á spilavanda og spilafíkn?** Nokkrar vísbendingar eru um að hraðbankar í spilasölum eða nálægt þeim hafi hlutfallslega meiri áhrif á þá sem eru í spilavanda eða eru spilafíklar en þá sem spila án vandkvæða (þ.e. geti aukið vanda þeirra og tjón). Hins vegar eru litlar sannanir fyrir því að notkun hraðbanka á spilastöðum hafi bein áhrif á algengi spilavanda og spilafíknar.

Rannsóknastarf á sviði spilavanda, spilafíknar og ábyrgrar spilunar hefur tekið mikinn kipp á undanförunum misserum og er mikilvægt að fylgjast áfram vel með niðurstöðum rannsókna á þessu sviði. Stefna og aðgerðir gagnvart ábyrgri spilun verður að byggja á því sem best er vitað hverju sinni. 12

#### **6.4. Ábyrg spilun í Evrópu**

HHÍ fól Assissa einnig að gera úttekt á ráðstöfunum gagnvart ábyrgri spilun (ÁS) á skjávélamarkaði í Evrópu. Samantekt úr greinargerð Assissa, sem tekin var saman vorið 2012 er birt undir viðauka 1 með bréfi þessu. Fyrirtækin eða löndin gáfu svör við þremur spurningum:

a) Búa vélar ykkar yfir sértækri virkni gagnvart AS?

b) Eru til reiðu aðferðir (einkum kort) til sjálfsútilokunar eða takmörkunar á spilun? Ef ekki, hefur löggjafinn í hyggju að innleiða slíkar kortalausnir?

c) Eru einhverjar aðrar ráðstafanir gagnvart AS í gangi?

Við lestur samantektarinnar kemur í ljós að skipulag skjávélastarfsemi er með mjög misjöfnum hætti í Evrópu. Spilun fer ýmist fram í spilavítum, sérstökum spilasölum, veitingastöðum eða opnum svæðum eins og söluturnum og er misjafnt hvaða form og hve mörg form eru heimiluð í hverju landi. Hið sama má segja um áherslu á ábyrga spilun en mjög misjafnt er hve langt löndin eru komin á stað í innleiðingu á ábyrgri spilun og hvað er í bígerð.

Eftirtektarvert er að engin lönd, utan Noregs, hafa innleitt persónuleg spilakort og fá eru í hugleiðingum í þá áttina. Þá efast sérfræðingar Norsk Tipping um ágæti þess að hafa svo strangar reglur um vélar þar í landi, eins og minnst var á hér að framan.

#### **6.5. Ráðstafanir HHÍ á sviði ábyrgrar spilunar**

Stefnumið HHÍ í málefnum ábyrgrar spilunar eru leiðarljós í þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til hjá fyrirtækinu á undanförunum árum.

Ráðstafanir HHÍ gagnvart ábyrgri spilun hvað varðar starfsemi Gullnámu tekur á flestum þáttum rekstrar. Einkum snúa slíkar ráðstafanir að markaðsstarfi, rannsóknum og stuðningi við meðferðarúrræði, aldurstakmörkunum, fræðslu til starfsfólks og spilara og vörubrún. Allar skjávélar HHÍ eru nú með áberandi upplýsingaglugga sem veitir spilara upplýsingar um ábyrga spilun, sjálfspróf, hjálparlínu ofl. Í dag er glugginn ígildi upplýsingabæklings um sama efni. Þessi lausn er algjör nýjung á heimsvísu og hefur vakið athygli systurfyrirtækja HHÍ á Norðurlöndunum. Gífurlega mikilvæg tækifæri liggja í frekari þróun á þessum upplýsingaglugga, td. með gagnvirkum skilaboðum.

HHÍ hefur innleitt staðal Evrópusamtaka ríkishappdrætta um ábyrga spilun og fengið vottun þess efnis, en hann tekur á öllum fyrrgreindum þáttum og fleirum. Yfirlit yfir ráðstafanir HHÍ gagnvart ábyrgri spilun er að finna í viðauka 2 með bréfi þessu.

## 6.6. EL staðall í þróun

Nýlega var samþykktur af framkvæmdastjórn Evrópusamtaka ríkishappdrætta (EL), ný viðbót við staðal samtakanna um ábyrga spilun, en hann fjallar sérstaklega um skjávélar ýmiss konar ( e. Electronic Gaming Machines, EGMs). Þessi liður tilgreinir ýmsar athyglisverðar nýjungar, þar sem tekið er mið af ströngustu ráðstöfunum í dag, til dæmis á Norðurlöndunum, en sérfræðingar ríkishappdrætta á Norðurlöndunum voru ráðgefandi um þessa viðbót í staðlinum. Það er stefna HHÍ að halda áfram að starfa eftir staðli EL um ábyrga spilun, sem þýðir að innleiddar verða breytingar í starfsemi Gullnámu. Það er einnig mat HHÍ að með því að uppfylla áfram staðal EL sýni HHÍ ýtrustu ábyrgð í starfsemi sinni þó þannig að tekjugrunni verði ekki umturnað.

Helstu nýjungar í staðli:

- Gullnáma (GN) skal hafa tæknilegan möguleika á að stjórna hraða leiks
- Vélar skulu vera sjáanlegir á hverjum tíma starfsfólki spilastaðar
- Vélar skulu birta skilaboð til spilara um ábyrga spilun
- Ef tæknilega mögulegt, skulu vélar þannig gerðir að spilari geti sett tíma- og fjárhagsmörk
- Vélar skulu bjóða möguleika á „kælingu“ eða pásu fyrir spilara
- Vélar skulu bjóða „raunveruleikapróf“ (e. reality check) fyrir spilara, t.d. klukku, glugga sem gefur til kynna eyðslu eftir tiltekinn tíma og svo framvegis.
- Vélar skulu bjóða upp á möguleika á að greiða/gefa út sjálfvirkt vinninga, þegar stórir vinningar hafa fallið eða eftir ákveðinn tíma eða eyðslu
- Ef tæknilega mögulegt, skulu vélar bjóða sjálfsútilokun fyrir spilara
- GN leyfir ekki starfsmönnum eða umboðsmönnum að spila í vélunum
- Reglur og skyldur umboðsmanna gagnvart ábyrgri spilun eru skilgreindar í samningi
- Vélar skulu bjóða kerfi til aldursstaðfestingar
- Auglýsingar skulu taka mið af ábyrgri spilun
- Vélar eða umhverfi þeirra þurfa að hafa upplýsingar um vinningslíkur eða vinningshlutfall
- Vélar eða umhverfi þeirra verða að gefa til kynna að líkur á vinningi byggi eingöngu á heppni en ekki hæfileikum eða þjálfun
- Spilarar verða að hafa upplýsingar um hjálparlínu/neyðarsíma
- Forðast skal að veita áfengi til spilara og ekki má bjóða spilurum ókeypis áfengi
- GN skal láta reyna á allar reglur spilastaða um ábyrga spilun með hulduheimsóknum

Þar sem þegar liggur fyrir vottun EL samkvæmt eldri staðli mun ekki reyna á nýjan staðal fyrir en við næstu úttekt árið 2014. Þangað til hefur HHÍ tíma til að aðlaga tækni og kerfi, en slík aðlögun er bæði kostnaðarsöm og áhættusöm gagnvart tekjum.

Margt af því sem þarna kemur fram hefur HHÍ þegar innleitt eða getur innleitt með lítilli fyrirhöfn. Annað er flóknara í framkvæmd og krefst breytinga á kerfum, til að mynda áminningar í miðjum leik (e. reality checks), en þetta eru þó raunhæfar og áhrifamiklar breytingar sem HHÍ getur þróað með IGT á næstu mánuðum og misserum.